

Umfang og starfsemi

Stefnan snýst um að hlúa að heilsu og velferð dýra. Það er mikilvægt að vörður sé staðinn um velferð og heilbrigði dýra á Íslandi. Dýr hafa í dag lögbundinn rétt sem á að tryggja þeim góða meðferð, umhirðu og aðbúnað. Einnig er þeim tryggður réttur til að lifa í samræmi við sitt eðlilega atferli eins og kostur er.

Heilbrigði dýra veltur á vörnum og viðbrögðum við sjúkdómum hvort heldur það séu smitsjúkdómar eða aðrar ástæður, t.d. efnaskipti og erfðir. Velferð dýra veltur á aðbúnaði sem dýrunum er búinn og meðferð á þeim.

Matvælastofnun gegnir lykilhlutverki í að stuðla að því að dýr njóti þess lögbundna réttar sem þeim er veittur.

Löggjöf sem varðar stefnuna:

- lög um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim nr. 25/1993
- lög um velferð dýra nr. 55/2013
- lög um dýralækna og heilbrigðisþjónustu við dýr nr. 66/1998
- lög um innflutning dýra nr. 54/1990
- lög um dýralyf nr. 14/2022
- lög um eftirlit með fóðri, áburði og sáðvöru nr. 22/1994
- lög um Matvælastofnun nr. 30/2018

Stöðumat og helstu áskoranir

Landfræðilega gefur Íslandi ákveðið forskot þegar kemur að vörnum gegn smitandi dýrasjúkdómum, þessa stöðu hefur landið nýtt vel og er því mikið til laust við alvarlegustu sjúkdómana.

Nýjar áskoranir eru þó komnar upp á yfirborðið og mikilvægt að Matvælastofnun sé vel í stakk búin að mæta þeim, hér má nefna fiskeldi, stórauðinn fjölda ferðamanna á landinu og útbreiðslu smitsjúkdóma úti í hinum stóra heimi. Einnig hafa loftlagsbreytingar breytt útbreiðslumynstri ákveðinna dýrasjúkdóma.

Á síðustu árum hefur áhugi samfélagsins á velferð dýra aukist til muna og veitir það bæði eigendum og umráðamönnum dýra vissu aðhald. Það sama á við um eftirlitsaðila.

Þrátt fyrir að staða dýravelferðar í landinu sé almennt góð, koma jafnan upp erfið mál sem Matvælastofnun ber að bregðast við og sinna. Í slíkum tilfellum er mjög mikilvægt að viðbrögð og meðhöndlun máls sé örugg, fumlau og eins hröð og unnt er. Ef illa tekst til við vinnslu slíkra mála hefur það neikvæð áhrif á traust til stofnunarinnar.

Framtíðarsýn og meginmarkmið

Framtíðarsýn Matvælastofnunar er að öll dýr njóti líkamlegrar, andlegrar og félagslegrar vellíðan.

Meginmarkmið Matvælastofnunar er að koma í veg fyrir og vinna að útrýmingu dýrasjúkdóma. Einnig að hlúð sé að velferð dýra með því að þeim sé tryggð góð meðferð, umhirða, aðbúnaður og að þau geti lifað í samræmi við sitt eðlilega atferli eins og frekast er unnt.

Markmið

Markmið Matvælastofnunar er að ástunda:

Áhrifaríkar forvarnir

- Forvarnir fela í sér bæði fræðslu til almennings um málefni á sviðinu og leiðbeiningagjöf til umráðamanna og eigenda dýra um kröfur löggjafar.

Árangursríkt eftirlit

- Árangursríkt eftirlit er áhættumiðað, hnitmiðað og skilvirkt.

Fumlaus viðbrögð

- Fumlaus viðbrögð eru hröð, fagleg og byggð á viðbragðsáætlunum.

Samþykkt af yfirstjórn 10. desember 2024.